

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### *Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 9. september 2021*

Þann 9. september var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Svör bárust frá öllum. Samkvæmt svörum þeirra er búið er að ráða í 95,2% stöðugilda í leikskólum, 98,9% í grunnskólum og 86,7% í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Eftir á að ráða í 66,5 grunnstöðugildi í leikskólum, 24,65 stöðugildi í grunnskólum og 35,94 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

	Árbær- Grafarholt	Breiðholt	Grafarvogur- Kjalarnes	Laugardalur- Háaleiti	Vesturbær- Miðborg/Hlíðar	Samtals
Leikskóli	16,0	7,5	9,0	9,0	25,0	66,5
Grunnskóli	1,7	1	5	8,75	8,2	24,7
Frístundaheimili/Sértækar félagsmiðstöðvar	3,9	6	5,3	10,5	10,2	35,9
Fjöldi stm í fríst.starfi	8	12	10	18	20	68

Tafla 1. Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum 9. september 2021.

**Í leikskóla** á eftir að ráða í 66,5 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun samanborið við 74,5 stöðugildi 19. ágúst 2021 og 52 stöðugildi 3. september 2020 þegar mjög vel gekk að ráða. Að auki á eftir að ráða í samtals 26,8 stöðugildi vegna afleysinga er varða undirbúning, veikindaafleysingar og önnur störf. Ráðið hefur verið í 95,2% stöðugilda miðað við þann fjölda barna sem búið er að bjóða pláss samanborið við 96,2% þann 3. september 2020 og 98% 16. september 2019

**Í grunnskóla** á eftir að ráða í 24,7 stöðugildi. Ráðið hefur verið í 98,9% stöðugilda miðað við fulla mönnun, samanborið við 99,3% þann 3. september 2020 og 99% 16. september 2019.

**Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvum** á eftir að ráða í 35,9 stöðugildi eða um 68 starfsmenn. Ráðið hefur verið í 86,7% stöðugilda miðað við fulla mönnun samanborið við 94,6% þann 3. september 2020 og 91% 16. september 2019. Af þeim 4.433 börnum sem eru með virka umsókn eru 404 börn á biðlista. Í hlutavistun eru 484 börn. 70% frístundaheimila hefur náð fullri vistun. 100% frístundaheimila hafa náð umbeðinni vistun í 1. bekk, 97% í 2. bekk, 61% í 3. bekk og 43% í 4. bekk.

Ráðningarnar standa yfir. Næsta úttekt er fimmtudaginn 23. september 2021.